

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Borgartún 36.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. mars 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fölginn í því að landnotkun á lóðinni nr. 36 við Borgartún breytist úr athafnasvæði í íbúðarsvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisstjórnuneytið, 2. júní 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

2. júní 1995

Nr. 341

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Bráðræðisholts í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. mars 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu deiliskipulagi Bráðræðisholts er síðast var breytt 19. október 1993.

Breytingin felst í því að heimilað er að byggja garðhýsi á lóðinni nr. 68 við Framnesveg.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisstjórnuneytið, 2. júní 1995.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*

2. júní 1995

Nr. 342

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. júní 1995 staðfest aðalskipulag Akranesskaupstaðar 1992-2012. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Akraness, 1980-2000 er staðfest var 3. maí 1982, með síðari breytingum.